

Þriðjudaginn 1. nóvember 1955.

Nr. 56/1955. Ákærvaldið (Þórólfur Ólafsson)

gegn

Einari Árnasyni (Sveinbjörn Jónsson).

Dómenður:

hæstaréttardómarnir Jón Ásbjörnson, Jónatan Hallvarðson og Þórður Eyjólfsson, Ármann Snævarr prófessor og Einar Arnalds borgardómari.

Manndráp af gáleysi. Brot gegn bifreiðalögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Það verður að telja mikið gáleysi af manni þeim, er varð fyrir bifreið ákærða, að aka á ljóslausu reiðhjóli á Njarðargötunni, eftir að myrkt var orðið. Hins vegar sýna verks-
ummerki á bifreið ákærða og aðrar aðstæður við slysið, að hann hefur ekið óhæfilega hratt, eins og á stóð, og ekki gætt nægrar varkárni og aðgæzlu í akstri og stjórn bifreiðarinnar. Varðar þetta ákærða samkvæmt lagaboðum þeim, er í héraðsdómi greinir, refsingu, sem þykir hæfilega ákveðin 4000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 25 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá þykir rétt að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttinda.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Árnason, greiði 4000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 25 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Þórólfs Ólafssonar og Sveinbjarnar Jónssonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. marz 1955.

Ár 1955, miðvikudaginn 2. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins, kveðinn upp dómur í málinu nr. 993/1955: Ákærvaldið gegn Einari Árnasyni, sem tekið var til dóms hinn 21. febrúar sama ár.

Mál þetta er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Einari Árnasyni lögfræðingi, Túngötu 33, hér í bæ, fyrir að hafa um klukkan 17.30 mánudaginn 29. nóvember síðastliðinn ekið bifreiðinni 226-Z-1147 austur Njarðargötu í Reykjavík með ólöglegum hraða og ógætilega með þeim afleiðingum, að skammt fyrir austan Tívolí við nefnda götu rakst bifreiðin á reiðhjól, sem Gústaf Albert Jónsson frá Fagurhólsmýri í Örafum var á, svo að hann kastaðist upp á þak bifreiðarinnar, skall síðan á götuna og hlaut svo mikla áverka af, að hann andaðist skömmu síðar. Í ákæruskjalinu er ákærði talinn hafa brotið 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1., 2., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 svo og 1. mgr. 28. gr. og 46. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930. Kröfur í ákæruskjali eru þær, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar bifreiðarstjóra-réttinda samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 22. desember 1926 í Reykjavík. Á árunum 1950—1953 hefur hann verið sektaður fjórum sinnum, frá 30—150 kr. í hvert sinn, fyrir brot gegn bifreiðalögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Hinn 29. nóvember 1954, laust eftir klukkan hálf-sex síðdegis, varð umferðarslys á Njarðargötu hér í bæ, nokkuð norðaustan við skemmtisvæði Tívolí. Varð Gústaf Albert Jónsson frá Fagurhólsmýri í Örafum, 21 árs, til heimilis á Grettisgötu 50, hér í bæ, sem var á ferð á reiðhjóli norðaustur götuna, fyrir sex manna fólksbifreiðinni 226-Z-1147, sem ákærði ók einnig norðaustur götuna, og beið bana af.

Nánari atvik slyssins verða nú rakin samkvæmt skýrslum ákærða og vitna og eftir öðrum gögnum málsins.

Gústaf heitinn hafði unnið hjá Flugfélagi Íslands h/f á Reykjavíkurflugvelli og var í þetta sinn að fara þaðan frá vinnu. Vitnið Anna Sigríður Björgúlfsdóttir, sem hafði unnið allengi í sama skála á flugvellingnum og hann, skýrir svo frá, að hann hafi hætt vinnu þenna dag kl. 17.31 og þá strax lagt af stað áleiðis til bæjarins. Telur vitnið sennilegt, að klukkan hafi ekki verið yfir 17.35, þegar slysið varð. Í sama mund og Gústaf heitinn fór frá vinnustaðnum, sótti vitnið Jón Ágúst Guðbjörnsson rafvirki Önnu á vinnustaðinn í bifreið, og óku þau sem leið liggur út af vinnusvæðinu yfir á Njarðargötu, en síðan suður á Reykjavíkurveg og vestur í bæ. Þegar þau voru rétt komin að Njarðargötunni, óku þau fram úr Gústaf heitnum, sem þar var á ferð á reiðhjóli, og ber þeim saman um, að hann hafi hjólað hægt mjög utarlega á vinstra vegjaðri. Vitnið Jón Ágúst kveðst hafa ekið með lægri ljósunum á bifreið sinni og ekki hafa séð hjólreiðamanninn, fyrr en komið var mjög nálægt honum, og gizkar á, að bilið milli þeirra hafi þá verið 3 metrar. Eigi sá vitnið nein ljós á reiðhjólinu, en býst við, að það hefði tekið eftir ljósi eða ljósum á því, hefðu þau einhver verið. Svonefnt kattarauga, rautt ljós aftan á reiðhjólinu, sá vitnið ekki. Vitnið Anna Sigríður Björgúlfsdóttir sá ekki til ferða hjólreiðamannsins, fyrr en bifreiðin var „eiginlega alveg komin að honum“, og vitnið er öruggt um, að reiðhjólið var ljóslaust bæði að aftan og framan og kattarauga sá það ekki á því. Þetta vitni sá, að Gústaf heitinn stjórnaði reiðhjólinu með báðum höndum, og það heldur sig muna það rétt, að hann hafi haft brúnan pakka, sem hann fékk heiman að frá sér sama dag, og að hann hafi haldið um band, sem var um pakkann, og einnig um stýrið.

Frá því að þessi vitni misstu sjónar af Gústaf heitnum, leið mjög stutt stund fram að slysinu, og er augljóst, að hann hefur á henni hjólað norðaustur Njarðargötuna, framhjá Tívoli og út á óbyggða svæðið. Þenna dag hafði ákærði verið við vinnu sína í skrifstofu í skemmu Landleiða h/f við Reykjavíkurveg. Þegar hann ók þaðan, að vinnu lokinni, rétt áður en slysið varð, var hann að öllu leyti vel fyrir kallaður, hann var vanur bifreiðarstjórn og einnig bifreið þeirri, sem hann ók í þetta sinn, sem var eign föðurbróður hans, búsetts í London. Bifreiðin er ný, og við skoðun bifreiðaeftirlitsmanna á henni strax eftir slysið reyndust hemlar hennar, stýrisbúnaður og flauta vera í fullkomnu lagi. Við hlið ákærða í akstrinum sat Gísli Sveinsson, eftirlitsmaður hjá Landleiðum h/f, þaulvanur bifreiðarstjóri. Sat hann hægra megin í bifreiðinni, því að stýri hennar er vinstra megin. Ákærði ók bifreiðinni eins og leið liggur frá skemmu Landleiða h/f yfir á Njarðargötuna og síðan austur hana og gizkar á, að ökuhraðinn hafi verið 35 km, miðað við klukkustund. Hann kveðst ekki hafa verið að flýta sér, enda enga ástæðu hafa haft til þess. Vegurinn var malborinn og rakur, beinn, sléttur og sæmilega breiður, myrkur var komið, en veður

gott. Þegar ákærði var rétt kominn á Njarðargötu af Reykjavíkurvegi, mætti hann bifreið, sem kom austan götuna, og í tilefni af því skipti hann á lægri ljósin á sinni bifreið og ók þannig áfram og með þau ljós var bifreiðin fram að slysinu, sem varð örskömmu síðar. Ákærði ók áfram á vinstra vegarhelmingi án þess að verða fyrir nokkurri truflun í akstrinum þar til allt í einu, að hann sá þúst fyrir framan bifreiðina, og alveg í sömu svifum varð slysið. Hann gerði sér ekki grein fyrir því, fyrr en hann hafði numið staðar, að maður á reiðhjóli hafði orðið fyrir bifreiðinni. Ákærði gerir sér ekki ljóst, hvort hann hemlaði um leið og áreksturinn varð, og hann hefur ekki getað lýst árekstrinum nánar en það, að hann hafi gerzt alveg í sömu svifum og hann sá í ljósgeislanum bifreiðarinnar þústina, sem hlýtur að hafa verið hjólreiðamaðurinn. Þegar ákærði hafði stöðvað bifreiðina og farið út úr henni, lá hjólreiðamaðurinn á bakinu meðvitundarlaus við vinstri hlið hennar, langsum eftir götunni, og sneri höfuð hans í sömu átt og farartækin höfðu ekið. Reiðhjólið lá á móts við vinstra afturhjólf bifreiðarinnar. Ákærði sá enga áverka á hjólreiðamanninum, sem var klæddur brúnum buxum og gráleitri kuldaúlpu, kraup niður að honum og hlustaði eftir hjartslætti hans og heyrðist hann vera eðlilegur. Í þessu bar að austur götuna bifreiðina R 4717 frá Norðurleið h/f, sem vitnið Skarphéðinn Dalmann Eyþórsson ók, og hjá honum í framsæti sat vitnið Pétur Guðmundsson bifreiðarstjóri. Ákærði bað Skarphéðin að ná í sjúkrabifreið og lögreglu og ók Skarphéðinn strax af stað í þessu skyni, eftir að hann og Pétur höfðu farið andartak úr bifreiðinni og séð hinn slasaða mann. Þeir óku á verkstæði Norðurleiðar h/f þarna í grennd og símuðu eftir sjúkrabifreið og lögreglu, og var klukkan 17.40, þegar hringt var á lögreglustöðina. Lögreglan og sjúkrabifreið kom strax á slysstaðinn, og flutti bifreiðin hinn slasaða, sem fram að því hafði legið óhreyfður á götunni, á Landspítalann, og var hann samkvæmt vottorði Rannsóknarstofu Háskólans dáinn, þegar þangað kom.

Bifreið sína hreyfði ákærði ekki á slysstað, fyrr en lögreglan hafði lokið athugunum sínum á vettvangi og bifreiðaeftirlitsmaður skoðað hana.

Vitnið Gíslí Sveinsson, sem áður var nefndur, hefur skýrt frá slysinu mjög á sömu lund og ákærði og hefur tekið fram, að vegna tíu ára reynslu í bifreiðaakstri til mannflutninga fylgist það alltaf vel með akstri bifreiða, sem það sé í, enda þótt aðrir aki. Vitnið gáði ekki á hraðamæli bifreiðarinnar, í því er slysið gerðist, og treystir sér ekki til að nefna neinn hraða í tölum, en því virtist hraðinn vera eðlilegur, eins og á stóð, og alls ekki mikill. Í því sambandi skýrði vitnið frá því, að þegar ákærði var rétt að koma inn á Njarðargötuna, hafi hann mætt bifreið og þá hægt ferðina mjög mikið og skipt í fyrsta gir, og megi af þessu ráða, að hraðinn hafi ekki getað verið orðinn mikill, þegar að slysstaðnum kom. Þegar

ákærði mætti bifreið skömmu fyrir slysið, skipti hann á lægri ljós bifreiðarinnar, sem hann ók, og þannig voru ljósin frá því og fram að slysinu, en eigi er það fyllilega ljóst af prófum málsins, hvort vitnið á við það, að ákærði hafi lækkað ljósin, þegar hann mætti hinni síðastnefndu bifreið eða einhverri annarri. Vitnið varð ekki vart við hjólreiðamanninn fyrr en alveg um leið og slysið varð. Það heyrði árekstrarhöggið og sá um leið eitthvað í loftinu, sem skall á framrúðu bifreiðarinnar vinstra megin. Vitnið fann, að ákærði hemlaði um leið og slysið varð, og því fannst bifreiðin stöðvast svo til strax, eða að minnsta kosti gerði vitnið sér ekki grein fyrir öðru. Strax og bifreiðin hafði numið staðar, fór vitnið út úr henni, og lýsir það ástandi hins slasaða á sama hátt og ákærði. Vitnið telur ekki koma til mála, að hjól bifreiðarinnar hafi farið yfir hinn slasaða, enda fann það ekki til þess, að hún færi yfir neina ójöfnu. Á móts við vinstri afturhurð bifreiðarinnar lá reiðhjólið og rétt aftan við það, á móts við vinstra afturhorn bifreiðarinnar, lá bláleit handtaska. Úti í vegskurðinum til vinstri, á móts við afturenda bifreiðarinnar, lá pakki með árituðu nafni Gústafs heitins.

Vitnin Skarphéðinn Dalmann Eypórsson og Pétur Guðmundsson hafa ekkert getað borið um ökuhraða ákærða né hvernig slysið varð, nema hvað hið fyrrnefnda vitni telur, að 80—100 metrar hafi verið milli bifreiðanna, þegar það veitti því athygli, að eitthvað skyggði skyndilega á framljós bifreiðar ákærða og það sá eitthvað kastast upp framan við bifreiðina og falla til jarðar vinstra megin við hana. Jafnframt sá vitnið reiðhjóli bregða fyrir í ljósum bifreiðarinnar og gat þess þá við Pétur, að þarna mundi hafa orðið slys, sennilega ekið aftan á mann á reiðhjóli.

Baldur Kristjánsson lögregluþjónn, sem kom á slysstaðinn, hefur vottað, að reiðhjól Gústafs heitins hafi verið algjörlega ljóslaut. Bifreiðaeftirlitsmaðurinn, sem skoðaði bifreið ákærða strax eftir slysið, hefur vottað, að þessir hlutar bifreiðarinnar hafi skemmt við áreksturinn: Vinstra framljósker, vinstra afturbretti, framrúða mölbrotin vinstra megin og dæld ofan við framrúðuna á þakinu. Reiðhjólið stórskemmdist við áreksturinn, einkum að aftan, og benda skemmdirnar að álitu rannsóknarlögreglunnar eindregið til þess, að höggið hafi komið beint aftan á það, en engin merki sáust til þess, að það hefði orðið undir hjólum bifreiðarinnar.

Rannsóknarlögreglan kom á slysstaðinn, áður en farartækin voru færð úr stað eftir slysið, rannsakaði vettvang, mældi hann og ljósmyndaði bifreiðina. Segir svo í umsögn hennar um þessi efni, að gatan hafi verið alveg holulaus og yfirborð hennar fast, eftir því sem gerist um malbornar götur. Lausamöl var þó á jöðrum hennar, en svo virtist sem bifreið ákærða hefði verið ekið innan við lausu mölina og eðlilega eftir vinstri götuhelmingi, miðað við þá leið, sem ákærði ók. Eftir skemmdunum á bifreiðinni að dæma, virðist

rannsóknarlögreglunni mega álykta, að bifreiðin hafi ekið aftan á hjólreiðamanninn, hann kastast upp fyrir vélarhúspak bifreiðarinnar og skolið á framrúðuna vinstra megin. Rúðan var úr seigu gleri, brotnaði mikið, datt þó ekki úr, en bungaði inn. Fyrir aftan gluggakarminn var dæld í bifreiðapakinu og virðist ekki ósennilegt, að hnakki mannsins hafi skolið þar á og fengið af því aðalhöggið.

Athugun rannsóknarlögreglunnar á reiðhjólinu staðfesti eindregið, að það hefði verið ljóslaust. Mjólkurflaska fannst í grasinu við vegskurðinn beint á móts við þann stað, sem pakki hjólreiðamannsins fannst á, og er talið líklegt, að flaskan hafi hengt þetta við slysið. Þegar rannsóknarlögreglan lét lýsa upp götuna aftan við bifreiðina, fundust glerbrot úr vinstra framljóskeri bifreiðarinnar ásamt smærri glerbrotum úr framrúðu hennar á svæði, sem náði 21.25 metra aftur fyrir hana. Tveggja metra hemlaför mældust aftan við bifreiðina, en þegar þau voru mæld, hafði bifreiðum og reiðhjólum verið ekið að bifreiðinni, og kann sú umferð að hafa afmáð lengri hemlaför hennar. Glersallinn aftan við bifreiðina gæti bent til þess, að hún hefði runnið talsverðan spöl, um 20 metra, eftir áreksturinn, en mjög varhugavert telst að ganga út frá, að svo hafi verið, bæði vegna skýrslna ákærða og Gísla Sveinssonar og afstöðu hins slasaða, reiðhjólsins og farangurs hans til bifreiðarinnar, þegar hún hafði stöðvazt. Í þessu efni kemur það bæði til, að bifreiðin hefur eitthvað runnið áfram eftir áreksturinn, og svo hitt, að glersallinn kann að hafa feykzt aftur fyrir bifreiðina bæði af þeim vindi, sem kann að hafa verið, og súg þeim, sem ökuhraðinn olli.

Réttarkröfning á líki Gústafs heitins leiddi í ljós mikil lemstur, og virðist banameinið hafa verið lost eftir blóðmissi, sennilega heilahristingur ásamt blæðingu inn í bæði lungu, þannig að blóð hefur komizt inn í lungnaberkjurnar og það valdið köfnun.

Samkvæmt framansögðu ber að leggja skýrslu ákærða sjálfs og vitnisins Gísla Sveinssonar til grundvallar um sjálfan áreksturinn, og er þess þá jafnframt að gæta, að sannað er, að reiðhjólið var ljóslaust og hjólreiðamaðurinn dökkklæddur.

Ákærði átti að hækka ljósin á bifreið sinni, þegar hann var kominn framhá bifreiðinni, sem hann mætti næst á undan slysinu, því að þá var R 4717 enn svo langt framundan, að eigi var ástæða til að hafa lægri ljósin hennar vegna. Má þá vera, að ákærði hefði komið auga á hjólreiðamanninn og slys eigi orðið. Úr því að ákærði gerði þetta ekki, heldur ók áfram með lágu ljósunum, bar honum að aka svo hægt, að hann gæti stöðvað þegar í stað, ef tilefni gæfust til, og athuga gaumgæfilega, hvað framundan væri. Enda þótt ljósleysi reiðhjólsins sé mikilvæg orsök slyssins, á ákærði þó einnig sök á því með ógætni í nýnefndum atriðum. Hefur hann því með óvarkárni orðið meðvaldur að dauða Gústafs heitins og þannig gerzt brotlegur við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Enn fremur hefur hann gerzt brotlegur við þau ákvæði bifreiðalaga, umferðarlaga og lögreglusamþykktar Reykjavíkur, sem í ákæru eru talin.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 60 daga varðhald, og samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta hann bifreiðastjóraréttindum í 2 ár.

Loks ber að dæma hann til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, hdl. Jóns Bjarnasonar, kr. 800.00.

Dóm þenna kveður upp Valdimar Stefánsson sakadómari.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Árnason, sæti varðhaldi í 60 daga.

Ákærði er sviptur bifreiðarstjóraréttindum í 2 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hdl. Jóns Bjarnasonar, kr. 800.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. nóvember 1955.

Nr. 118/1954. Samband íslenzkra samvinnufélaga

(Vilhjálmur Jónsson)

gegn

Eigendum og váttryggjendum e/s Manfreds

(Egill Sigurgeirsson)

og

Kaupfélagi Hellissands (Ragnar Jónsson)

og

Eigendur og váttryggjendur e/s Manfreds

gegn

Sambandi íslenzkra samvinnufélaga

og

Kaupfélagi Hellissands.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabætur fyrir spjöll á skipi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 15. júlí 1954